

Alþingi
Erindi nr. P 132/2174
komudagur 2.6.2006

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR
DÓMHÚSINU VIÐ LÆKJARTORG
150 REYKJAVÍK

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2006

Héraðsdómi Reykjavíkur hefur borist til umsagnar **frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991** sem lagt var fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006 (pskj. nr. 980 - 670. mál).

Um 2. gr.

Ekki sýnist þörf á að fresta birtingu hæstaréttardóms í sólarhring frá því hann er kveðinn upp. Sú regla, sem rétturinn tók upp árið 1999, er hann hóf birtingu dóma á netinu, að kveða upp dóma kl. 16 og birta þá hálf tíma síðar, var sett að höfðu samráði við Lögmannafélag Íslands og hefur reynst vel að því er best er vitað. Eftir að dómur hefur verið kveðinn upp gefst lögmonnum kostur á að hafa samband við skjólstæðinga sína og tilkynna þeim um niðurstöðu máls. Fá aðilar þannig að vita um hana áður en dómur er birtur. Þá hefur þessi regla hagræði í för með sér fyrir afgreiðslu dómsins.

Hins vegar er tekið undir þá ráðagerð í greininni að fresta birtingu dóma Hæstaréttar í mánuð vegna rannsóknarúrskurða sem þangað eru kærðir. Helgast það af verndum rannsóknarhagsmuna sem verður að telja ríkari en það upplýsingagildi sem dómur í slíkum málum hafa.

Um 3. gr.

Spurningarmerki er sett við hvort þörf er sérstaks lagaákvæðis um ráðningu löglærðs starfsmanns dómstólaráðs til að sinna verkefnum sem hafa upplýsingagildi gagnvart almenningi. Hins vegar er lýst ánægju með það viðhorf, sem fram kemur í frumvarpinu, að slíkt sé til bóta í ljósi nútímaviðhorfa til upplýsingamiðlunar enda er slíkt fyrirkomulag til þess fallið að varpa betra ljósi á starfsemi dómstóla og auka skilning borgaranna á henni. Með því tryggja dómstólaráði nægilegt fjármagn til starfsemi þess er ekkert því til fyrirstöðu að ráðið feli löglærðum starfsmanni það hlutverk sem mælt er fyrir um í ákvæðinu án þess að sett verði bein lagafyrirmæli um það. Er því lögð áhersla á að dómstólaráði verði tryggt fjármagn til ráðningar þess starfsmanns sem um ræðir í greininni.

Um 5. gr.

Fagnað er þeirri ráðagerð í greininni að víkka út valdsvið aðstoðarmanna og færa þeim í hendur dómsvald í takmörkuðum mæli enda verður telja að það fyrirkomulag geti þjónað hagsmunum dómstóls og gert starf aðstoðarmanns fjölbreytilegra og áhugaverðara en það er í dag. Fyrirvari er þó gerður við ákvæði 9. tl. greinarinnar en samkvæmt því ákvæði er aðstoðarmönnum heimilt að kveða upp rannsóknarúrskurði, þar á meðal mæla fyrir um frelsissviptingu með gæsluvarðhaldsúrskurði. Miklir hagsmunir eru í húfi í slíkum málum og þykir því ekki réttlæt看legt út frá mannréttindasjónarmiðum að aðstoðarmönnum sé lagt svo mikið vald í hendur sem mælt er fyrir um í ákvæðinu.

Um 6. gr.


Aðgangsharka við myndatökur í Dómhúsinu í Reykjavík hefur skapað vandamál á síðastliðnum árum. Á það reyndar eingöngu við um myndatökur af sakborningum sem oft hafa veri hundeltir inn í dómshúsi. Ekki hefur verið talið stætt á að dómstjóri bannaði slíkar myndatökur án heimildar í lögum. Því ber að fagna þessu ákvæði. Hins vegar er lagt til að myndataka sé heimil í dómshúsum af dómurum að störfum sem og málflytjendum og eins að heimilt sé að taka viðtöl við málflytjendur fyrir og eftir málflytning og eftir dómsuppsögu en myndataka verði bönnuð af sakborningum, aðilum í einkamáli og vitnum gegn vilja þeirra. Þá er nauðsynlegt að hafa í ákvæðinu refsheimild vegna brots gegn banni því, er þar greinir, í formi fésektar.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er til mikillar hagræðingar og er lýst ánægju með það.

Að auki er lagt til að inn í frumvarpið verði bætt ákvæði sem heimilar að frávísun máls samkvæmt 113. gr. laga nr. 91/1991 frá dómi með áritun á stefnu enda eigi stefnandi þess kost að leita eftir endurupptöku máls innan þriggja mánaða frá dagsetningu áritunar. Hefði slíkt mikið hagræði í för með sér og myndi ekki leiða til réttarspjalla.

F.h. Héraðsdóms Reykjavíkur


Helgi I. Jónsson, dómstjóri